



FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð – framtíðarsýn 2010

Stefna Fjarðabyggðar



Efnisyfirlit

Aðdragandi verkefnis, aðferðir stefnumótunar og framsetning skýrslu

Framtíðarsýn Fjarðabyggðar

Helstu niðurstöður

Framkvæmd verkefna og endurskoðun

Niðurstöður vinnuhópa - stefna, markmið og leiðir

- Atvinnumál
- Menning, afþreying, ferðaþjónusta
- Menntun
- Samfélagsþjónusta
- Samgöngu-, skipulags- og umhverfismál

Viðaukar

- Staða byggða- og atvinnuþróunar í sveitarfélaginu
- Þátttakendur í vinnuhópum
- Skrá yfir ýmsar stoðstofnanir atvinnulífsins og fjármögnunaraðila

Aðdragandi verkefnis, aðferðir stefnumótunar og framsetning skýrslu

Aðdragandi verkefnis

Á vormánuðum 1999 hóf hópur einstaklinga úr Fjarðabyggð að hittast með reglubundnum hætti. Tilgangurinn var að ræða framtíðarstöðu Fjarðabyggðar og hvort og þá með hvaða hætti hægt væri að hafa jákvæð áhrif í þeim efnum. Þessi hópur samanstóð af sjö einstaklingum, þeim Davíð Baldurssyni sóknarpresti, Björgólfi Jóhannssyni forstjóra Sildarvinnslunnar, Kristjáni Einarssyni svæðisstjóra Landsbankans, Jóhannesi Pálssyni framkvæmdastjóra Hönnunar og Ráðgjafar, Helgu Steinsson skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands, Hreini Sigmarssyni forstöðumanni Fjárfestingarfélags Austurlands/Kaupþings og Guðmundi Bjarnasyni bæjarstjóra Fjarðabyggðar. Þegar kom fram á haustmánuði var leitað til þróunarstofu Austurlands um aðkomu hennar að málinu.


Í framhaldi af því var óskað eftir aðstoð ráðgjafa löntæknistofnunar og loks var hugmynd um stefnumótunarverkefni fyrir sveitarfélagið kynnt bæjarstjórn. Bæjaryfirvöld voru einhuga í því að mikilvægt væri að ráðast í þá vinnu sem stefnumótun fæli í sér, enda félli hún vel að þeirri aðalskipulagsvinnu sem í gangi er í Fjarðabyggð. Ákveðið var að fyrrnefndur hópur yrði verkefnisstjórn verkefnisins. Myndaðir voru fimm vinnuhópar og var fyrsti fundur þeirra haldinn 12. janúar 2000.

Aðferðir stefnumótunar

Í verkefni stefnumótunar er reynt að draga fram sérstöðu og áherslur sem sveitarfélagið býr yfir ásamt því að móta samræmda stefnu sem samstaða er um. Þess vegna myndar sú umræða og þau sjónarmið sem hópvinna verkefnisins leiðir í ljós þungamiðju stefnunnar. Stefnumótun snýst um að móta framtíðarsýn. Með henni er vörðuð sú leið sem yfirvöld sveitarfélags, stjórnendur fyrirtækja og stofnana og almenningur getur farið eftir. Til þess að árangur verði af þeim markmiðum og leiðum sem fram koma í framtíðarsýninni þarf að tryggja að ákveðnir aðilar hafi forgöngu um framkvæmd verkefna sem mörkuð eru með stefnumótuninni.

Lýsing á framvindu

Stuðst var við eftirfarandi stefnumótunarferli:



Á grunni þessa ferlis ræddi hver hópur eftirfarandi atriði á fimm fundum samkvæmt skipulagi verkefnisins. Dagskrá fundanna var eftirfarandi:

1. fundur - Farið af stað

Fundur með öllum þátttakendum

Verkefnið kynnt

Verklagsreglur kynntar

2. fundur - Núverandi staða

Lagt mat á núverandi stöðu hinna ýmsu málaflokka

3. fundur - Innri og ytri greining

Hugmyndafræði SVÓT-greiningar kynnt

Niðurstöður greiningar settar í forgangsröð

4. fundur - Framtíðarsýn

Mótuð framtíðarsýn fyrir einstaka málaflokka

5. fundur - Tillögugerð

Samdar tillögur um hvernig hægt er að koma framtíðarsýn í framkvæmd

Að loknum fundum vinnuhópanna fóru verkefnisstjóri og ráðgjafar yfir gögn hópanna, drógu fram helstu niðurstöður og samræmdu þær í samvinnu við verkefnisstjórn.

Stjórnun og skipulag verkefnisins

Verkefnisstjórn var í höndum Óðins Gunnars Óðinssonar frá Þróunarstofu Austurlands. Ráðgjafar verkefnisins voru þeir Jón Hreinsson, Karl Friðriksson og Sævar Karlsson frá Iðntæknistofnun. Hlutverk þessara aðila var að leiða verkefnavinnuna og veita faglega ráðgjöf. Stefnumótunarverkefninu var skipt upp í eftirfarandi málefnaflokk: Atvinnumál; menning afþreying og ferðaþjónusta; menntun; samfélagsþjónusta; samgöngur, skipulags- og umhverfismál.

Framsetning skýrslu

Í upphafsköflum þessarar skýrslu er fjallað um forsendur, stjórnun og verklag þessa stefnumótunarverkefnis. Þar á eftir er gerð grein fyrir þeirri megin sýn sem Fjarðabyggð á að leggja áherslu á næstu árin. Í kaflanum *Helstu niðurstöður* eru dregin fram þau helstu viðfangsefni sem verkefni þetta hefur leitt til. Eins og fyrr segir voru myndaðir fimm vinnuhópar til að fjalla um ákveðna málaflokka. Í kaflanum *Niðurstöður vinnuhópa* er birt stefna, markmið og leiðir þessara vinnuhópa í hverjum málaflokki fyrir sig. Hér er um nokkurs konar leiðarvísar að ræða sem ætlast er til að hafðir verði til hliðsjónar við framkvæmd áætlunarinnar. Aftast er loks viðauki þar sem greint er frá stöðu byggða- og atvinnuþróunar í Fjarðabyggð, auk þess sem birtur er þátttakendalisti vinnuhópanna og skrá yfir nokkrar stöðstofnanir atvinnulífsins og fjármögnunaraðila.

Framtíðarsýn Fjarðabyggðar

Framtíðarsýnin er sú staða sem Fjarðabyggð vill ná á næstu tíu árum.

- **Metnaðarfull þjónusta** og **fjölskylduvæn uppbygging samfélagsins** gerir Fjarðabyggð eftirsóknarverða til búsetu.
- Fjarðabyggð einkennist af **hreinleika umhverfis** og **samkennd íbúa**.
- Fjarðabyggð verði þekkt fyrir að byggja á yfirburðum í **þekkingu** og **hátækni** á völdum sviðum sjávarútvegs, iðnaðar og þjónustu.

Helstu niðurstöður

Mjög skýrar áherslur má greina í niðurstöðum vinnuhópanna á mikilvægi ákveðinna þátta. Hér á eftir eru samandregnar þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að hafi ákveðinn forgang við framkvæmd þeirrar stefnu sem hér er lögð fram. Að öðru leyti koma tillögur um aðgerðir fram í niðurstöðum hvers vinnuhóps.

Sjávarútvegur

Fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða verða áfram mikilvægasti atvinnuvegurinn í Fjarðabyggð. Því ber að leggja áherslu á uppbyggingu sjávarútvegsins sem hátæknigreinar um leið og aukna vigt þarf að leggja í vöruþróunar-, sölu og markaðsmálin.

Markaðspekking og sölustarf

- Byggt verði upp samstarf sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri, fisksölufyrirtækja og fyrirtækja á svæðinu.

Vöru- og tæknipróun

- Komið verði upp þróunarsetri aðila í sjávarútvegi, í samstarfi við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun, fyrirtækja í Fjarðabyggð og sölusamtök í sjávarútvegi.
- Komið verði á rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrirtækja í Fjarðabyggð í samstarfi við ýmsar stoð- og tæknistofnanir.

Hráefnisöflun

- Til að tryggja hráefnisöflun verði leitað leiða til að koma upp frystigeymslu.

Samstarf fyrirtækja

- Mikilvægt er að skoðaðar verði leiðir til að auka samstarf fyrirtækja í Fjarðabyggð. Í því samhengi verði komið á samstarfsvettvangi fiskvinnsluaðila, þjónustufyrirtækja sjávarútvegsins og hafnarstjórnar í Fjarðabyggð.

Uppbygging tæknisamfélags

Allir vinnuhópar lögðu áherslu á uppbyggingu tölvu- og tæknipekkingar. Til að ná því að gera Fjarðabyggð að framsæknu þekkingarsamfélagi þurfa skólar, fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu að leggjast á eitt.

Tölvu- og tæknipekking

- Stofnaður verði faghópur fyrirtækja, Verkmenntaskóla Austurlands og bæjaryfirvalda til að móta leiðir að því markmiði að gera Fjarðabyggð að tæknivæddu þekkingarsamfélagi.
- Gert verði áttak til að efla þekkingu allra íbúa í Fjarðabyggð á upplýsingatækni.
- Fræðsla skólanna á sviði upplýsinga- og tölvutækni verði stórefld.

Upplýsingatæknifyrirtæki

- Útbúin verði aðgerðaáætlun til að laða að fyrirtæki á sviði upplýsingatækni.

Verzlun og þjónusta

Mikilvægt er að verzlun blómstri í Fjarðabyggð og að þjónustustig sé þar hátt.

- Bæjaryfirvöld móti sér sérstakar starfsreglur sem geri frumkvöðlum á þessu sviði auðveldara að hefja rekstur.
- Gera þarf úttekt á möguleikum reksturs þjónustu- og verslunarmiðstöðvar í Fjarðabyggð.
- Koma þarf þeirri þjónustu sem til staðar er í sveitarfélaginu betur á framfæri við íbúana.
- Stuðla þarf að námsmöguleikum þeirra sem starfa í verslun og þjónustu.

Iðnaður

Iðnaður er ekki stundaður í stórum mæli í Fjarðabyggð. Þó eru þar fyrirtæki með athyglisverða framleiðslu t.d. á sviði matvælaíðnaðar.

- Leggja þarf áherslu á aukið samstarf fyrirtækja í iðnaði m.t.t. verkefnaöflunar, markaðs- og solumála.
- Bæjaryfirvöld vinni áfram að því að skoða iðnaðarkosti, stóra sem smáa og leiti eftir tækifærum á þeim vettvangi.

Kynningarmál

Eitt af því sem kom fram í öllum vinnuhópunum er að efla þurfi jákvæða ímynd sveitarfélagsins. Í þeirri kynningu sem fram þarf að fara ber að leggja áherslu á fjölskylduvænar aðstæður, sérkenni svæðisins og framsækið og kröftugt atvinnulíf.

- Gera þarf viðhorfskönnun um viðhorf íbúa Fjarðabyggðar til þeirra atriða er fram koma í stefnu Fjarðabyggðar.
- Útfæra þarf síðan stefnu Fjarðabyggðar í kynningarmálum.
- Bæjaryfirvöld haldi með reglulega fundi um ýmis málefni með íbúum Fjarðabyggðar.
- Bæjaryfirvöld móti verklagsreglur sem miði að því að efla upplýsingagjöf til einstaklinga og fyrirtækja sem hafa áhuga á að setja sig niður í sveitarfélaginu.

Menning og afþreying

Ljóst er að aðgangur að menningarstarfsemi hefur mikið að segja um það hvernig fólki líður þar sem það býr. Í Fjarðabyggð eru þrjú athyglisverð söfn, hvert á sínu sviði.

Tónlistarlíf hefur verið öflugt í sveitarfélaginu. Þó er hægt að leggja meiri áherslu á samþættingu starfseminnar. Íþróttir hafa löngum verið stundaðar af kappi í sveitarfélaginu. Leggja þarf aukna rækt við þá fjölbreytilegu starfsemi sem í sveitarfélaginu er.

Söfn

- Efla þarf samstarf safna í Fjarðabyggð, ekki síst á sviði kynningarmála.
- Gera þarf heilsteypta áætlun um uppbyggingu safnanna.

Tónlist

- Einn öflugur tónlistarskóli verði í Fjarðabyggð.
- Tónlistar- og alhliða menningarhús verði á Eskifirði.

Íþróttastarfsemi

- Sveitarfélagið móti sér stefnu í uppbyggingu og stuðningi við íþróttastarfsemi.

Ungt fólk

Það gefur auga leið að unga fólk er framtíðin. Þess vegna er mikilvægt að því líði vel þar sem það býr, því lengi býr að fyrstu gerð.

- Stofnað verði sérstakt barna- og unglingaráð í sveitarfélaginu er haft verði með í ráðum um málefni er þau varða.
- Gerð verði könnun á óskum ungs fólks til náms- og félagsstarfa.
- Þarfir ungs fólks verði hafðar að leiðarljósi við skipulagningu almenningssamgangna.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta hefur verið hægt vaxandi í sveitarfélaginu. Byggð hafa verið hótél og nýlega var stofnað ferðamálafélag.

- Kynna þarf betur möguleika Fjarðabyggðar á sviði ferðapjónustu.
- Kanna þarf grundvöll heilsuhótels.
- Vinna þarf að því að skemmtiferðaskip hafi viðkomu í Fjarðabyggð.

Menntun

Skólastarf í hverju sveitarfélagi er mikilvægur þáttur í velferð fólks og í uppbyggingu atvinnulífs. Þörf fyrir velmenntað fólk er mikil í dag. Þess vegna þarf að leita allra leiða til að gefa fólki kost á að mennta sig í heimabyggð. Grunnskóli er í hverju hverfi sveitarfélagsins. Verkmenntaskóla Austurlands þarf áfram að byggja upp sem hornstein tæknimenntunar á Austurlandi. Þá gegnir hann stóru hlutverki í uppbyggingu Fjarðabyggðar sem tæknisamfélags.

Grunnskólar

- Tryggja þarf að aðbúnaður nemenda og skólastarf sé ætíð til fyrirmyndar. Huga þarf sérstaklega að uppbyggingu tölvu- og upplýsingatæknináms.
- Skoða þarf kosti sameiningar eða aukinnar samvinnu skólanna.
- Ráðinn verði sérstakur skólaráðgjafi er vinni m.a. að samtengingu allra skólastiganna.

Verkmenntaskóli Austurlands

- Ráðgjafahópur úr atvinnulífinu í Fjarðabyggð vinni með yfirvöldum skólans að mótun helstu áhersluatriða hans.
- Mótaðar verði nýjar námsbrautir í takt við breytta tíma og þarfir atvinnulífsins.
- Rannsóknar- og þróunarstarf verði byggt upp með samstarfi við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir.

Endurmenntun og háskólanám

- Í öllum hverfum Fjarðabyggðar verði bókasöfn / upplýsingamiðstöðvar sem geri fólki kleyft að stunda nám / fjarnám með fullkomnasta búnaði sem völ er á hverju sinni.

- Kannaðir verði möguleikar á sérhæfðri kennslu á háskólastigi í samvinnu við Verkmenntaskóla Austurlands.

Samfélagsþjónusta

Samfélagsþjónusta sveitarfélaga á landsbyggðinni er oft haldið fram sem trompi m.a. vegna greiðs aðgangs að ýmsum skóla- og þjónustustofnunum. Þessi þjónusta þarf áfram að verða eins fjölskylduvæn og hægt er.

- Gerð verði reglulega könnun á lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins sem síðan verði grundvöllur umbóta á sviði samfélagsþjónustu.
- Mótuð verði fjölskyldustefna sem sé fyrirmynd fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu.
- Árlega verði haldinn dagur fjölskyldunnar.
- Starfrækt verði öflug heimasíða sem upplýsi um þjónustu sveitarfélagsins og fyrirtækja ásamt því að vera vettvangur upplýsingaveitu fyrir börn og unglinga.
- Lögð verði áhersla á að tryggja Fjórðungssjúkrahúsinu öruggan starfsgrundvöll.
- Tryggt verði nægt framboð þjónustuíbúða fyrir aldraða í Fjarðabyggð.
- Aðgengi fatlaðra að stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélagsins verði gert þannig að það samræmist lögum þar um.

Umhverfismál

Fjarðabyggð hefur þörf fyrir andlitslyftingu. Stefna sveitarfélagsins er hins vegar metnaðarfull í þessum málum því Fjarðabyggð á að verða hreinasta sveitarfélag landsins.

- Efla þarf umhverfisvitund íbúanna með fræðslu á sviði umhverfisstjórnunar og með góðu fordæmi yfirvalda sveitarfélagsins.
- Gert verði átak á sviði umhverfismála með þátttöku íbúa, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins.
- Fylgja þarf þeirri ákvörðun sveitarfélagsins eftir að vera þátttakandi í verkefninu Staðardagskrá 21.

Skipulagsmál

Mikilvægt er að vel sé staðið að skipulagsmálum hvers sveitarfélags, ávalt séu til lóðir og afgreiðsla mála sé skjótvirk.

- Ljúka þarf aðal- og deiliskipulögum fyrir sveitarfélagið í heild sinni.
- Yfirvöld sveitarfélagsins hafi forgöngu um merkingu gatna og stofnana á vegum sveitarfélagsins.
- Áhersla verði lögð á að skipulag sveitarfélagsins sé skýrt og fastmótað og að tryggð verði skilvirk og skjót svörun skipulagsyfirvalda
- Efnt verði til samkeppni meðal grunnskólanemenda um hugmyndir um hvernig bæta megi aðstöðu ungs fólks í hverfum Fjarðabyggðar.

Samgöngur

Góðar samgöngur eru eitt af lykilatriðum nútíma samfélags. Því þarf m.a. að leggja áherslu á uppbyggingu samgöngumannvirkja með styttingu vegalengda innan sveitarfélags og á milli svæða í huga.

- Áhersla er lögð á að hugmyndum um jarðgöng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og Eskifjarðar og Neskaupstaðar verði fylgt eftir.
- Almenningsamgöngur verði byggðar upp þannig að þær þjóni íbúum sem best.
- Skoðaðir verði möguleikar á uppbyggingu umferðamiðstöðvar almenningsgangna á vegum fyrir Austurland.
- Hafnaryfirvöld móti stefnu um framtíðaruppbyggingu hafnanna í Fjarðabyggð.
- Unnið verði að því að í Fjarðabyggð verði starfrækt innflutningshöfn.

Eftirfylgni verkefna

Til að styðja við framkvæmd stefnu Fjarðabyggðar er lagt til að bæjarstjórn komi á laggirnar "2010 nefnd" sem skipuð verði aðilum frá bæjaryfirvöldum, stofnunum og fyrirtækjum. Nefndin hafi eftirfarandi hlutverk:

- Fylgja eftir tillögum sem birtast í skýrslunni Fjarðabyggð – framtíðarsýn 2010 með því að minna framkvæmdaaðila einstakra verkefna á hlutverk sitt og með því að hafa frumkvæði að vinnu er miðar að endurskoðun stefnunnar fyrir janúarlok 2001.
- Standa að framkvæmd ákveðinna verkefna sem henni er falið í stefnu Fjarðabyggðar.
- "2010 nefndin" skal hafa fullt samráð við nefndir og yfirvöld sveitarfélagsins í því starfi sem henni er falið.

Starfsskilgreining og framtíð þessarar nefndar verði ákveðin til árs í senn.

Framkvæmd verkefna og endurskoðun

Lykilatriði við framkvæmd nýrrar stefnu er innleiðing og stjórnun þeirra verkefna sem tilgreind eru í stefnumótuninni. Til að umbætur nái fram að ganga þarf að vera sátt um markmið og leiðir framkvæmdaratriðanna meðal hagsmunaaðila og áhrifavalda, hverjir svo sem þeir eru. Með því að kalla til um hálf tundrað manna, sem telja verður að myndi góðan þverskurð íbúanna úr öllum hverfum Fjarðabyggðar, er vonast til að um þá stefnu sem hér er sett fram geti orðið góð sátt. Stjórnsýsla sveitarfélagsins og þjónustustofnanir þess þurfa að vinna með öðrum opinberum aðilum og einkaaðilum að framgangi ýmissa þeirra viðfangsefna sem skilgreind eru í framtíðarsýninni. Þótt bæjaryfirvöld leiki stórt hlutverk í framkvæmd stefnumótunar fyrir sveitarfélag þá er einnig gert ráð fyrir því að einkaaðilar komi að ýmsum verkefnum og hafi frumkvæði að þeim. Að öðru leyti er vonast til að almenningur svo og fyrirtæki og stofnanir tileinki sér þá sýn sem kemur fram í stefnu sveitarfélagsins og hjálpist að við að hrinda henni í framkvæmd.

Lagt er til að skipuð verði sérstök nefnd á vegum sveitarfélagsins, s.k. "2010 nefnd", sem mun m.a. hafa það hlutverk að minna framkvæmdaaðila einstakra verkefna stefnumótunarinnar á hlutverk sitt, þ.e. að þeir fylgi stefnunni eftir. Þessi nefnd á einnig að sjá til þess að fram fari vinna er miði að endurskoðun stefnunnar fyrir janúarlök 2001.

Með því að hrinda í framkvæmd þeim áformum sem fram eru lögð í þessari stefnu og ef samstaða næst um þau áform, þá mun Fjarðabyggð á þessum áratug í enn ríkari mæli geta státað af yfirburðum í þekkingu og tækni, hreinu umhverfi, metnaðarfullri þjónustu, fjölskylduvænni uppbyggingu samfélagsins og samhentum íbúum.

Niðurstöður vinnuhópa - Stefna, markmið og leiðir

Málaflokkur 1 – Atvinnu- og kynningarmál

Árið 1997 reiknuðust um 1570 ársverk í Fjarðabyggð. Flest tengdust þau fiskvinnslu eða 351 ársverk og veiðar skiluðu 240 ársverkum. Samtals eru það því um 38% ársverka sem beint tengjast sjávarútvegi með þessum hætti. Í opinberri þjónustu voru 225 ársverk. Undanfarið hafa bæði Sildarvinnslan í Neskaupstað og Hraðfrystihús Eskifjarðar verið að styrkja stöðu sína sem kröftug sjávarútvegsfyrirtæki. Í Reyðarfirði hefur einnig vaxið upp öflugt verkfræði- og þekkingarfyrirtæki. Annars hafa of fá ný fyrirtæki í s.k. vaxtargreinum verið stofnuð síðast liðin ár.

Veiðar og vinnsla

Stefna

Stefnt er að hátækni í allri vinnslu sjávarafurða. Greinin byggir á samstarfi fyrirtækja og sérþekkingu starfsmanna í útgerð, vinnslu og í markaðsstarfi sjávarafurða. Fyrirtæki í Fjarðabyggð verði í fararbroddi á heimsvísu í vinnslu uppsjávarfisks.

1. Markaðspekking og sölustarf í sjávarútvegi

Markmið

Eflid verði markaðspekking og sölustarf fyrirtækja

Leiðir

- Verkmenntaskóli Austurlands og Fræðslunet Austurlands hafi forgöngu um svæðisbundið nám og námskeið í sölu- og markaðsmálum í samvinnu við fyrirtæki í Fjarðabyggð.
- Komið verði á samstarfi sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri, fisksölufyrirtækja og fyrirtækja á svæðinu um markaðs- og sölustarf og . "2010 nefndin" hafi frumkvæði að þessu.

2. Vöru- og tækniþróun

Markmið

Aukin verði vöru- og tækniþróun í frum- og fullvinnslu í Fjarðabyggð

Leiðir

- Byggt verði upp sameiginlegt þróunarsetur aðila í greininni í samstarfi við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun, fyrirtækja í Fjarðabyggð, sölusamtökin og sveitarfélagið. Þróunarstofa Austurlands hafi forgöngu um að kalla þessa aðila til fundar um málið.
- Þróunarstofa Austurlands hafi forgöngu um að leiða saman aðila til að koma á rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrirtækja í Fjarðabyggð. Meðal samstarfsaðila

geta verið m.a. Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun Fiskiðnaðarins og Hafrannsóknarstofnun.

- Komið verði á reglubundnum námskeiðum um vöruþróun og markaðsmál. Þróunarstofa Austurlands og Fræðslunet Austurlands hafi forgöngu um þetta.
- Þróunarstofa Austurlands hafi forgöngu um að móta vettvang sem hefur það að markmiði að skilgreina og hvetja til innlendra jafnt sem erlendra rannsóknar- og þróunarverkefna sem efla tækniþróun fyrirtækjanna.

3. Hráefnisöflun

Markmið

Hráefnisöflun sjávarfangs verði tryggð.

Leiðir

- Löndunaraðstaða og þjónusta verði ætíð þannig að bátar og skip sækist eftir að landa afla sínum í Fjarðabyggð. Hafnarnefnd sjái til að svo verði.
- Tryggð verði fyrirmyndaraðstaða fyrir smábátaútgærð hvað varðar aðbúnað. Hafnarnefnd hafi forgöngu um málið ásamt öðrum hagsmunaaðilum.

4. Samstarf fyrirtækja

Markmið

Lögð verði áhersla á að auka samstarf fyrirtækja í Fjarðabyggð

Leiðir

- Komið verði á samstarfsvettvangi útgerðar og fiskvinnsluaðila, þjónustufyrirtækja sjávarútvegsins og hafnarnefnd í Fjarðabyggð. "2010nefndin" hafi forgöngu um málið.

Þekkingariðnaður

Upplýsingatæknin er grein framtíðarinnar. Því er mikilvægt að öll uppbygging í samfélaginu taki mið af því. Nú þegar eru fyrirtæki á þessu sviði að hasla sér völl í Fjarðabyggð.

Stefna

Fjarðabyggð verði framsækið þekkingarsamfélag með þátttöku einstaklinga, skóla, fyrirtækja, stofnana og bæjaryfirvalda.

1. Tölvu- og tækniþekking

Markmið

Eflid verði tölvu- og tækniþekking íbúa og atvinnulífs í Fjarðabyggð.

Leiðir

- Stofnaður verði faghópur fyrirtækja, Verkmenntaskóla Austurlands og bæjaryfirvalda til eflingar tölvu- og tækniþekkingu í Fjarðabyggð. Verkmenntaskólinn hafi forgöngu um stofnun hópsins.

- Tölvukennsla í grunnskólum verði eflað með aðkomu bæjaryfirvalda. Skólastjórar grunnskólanna geri tillögur um framkvæmdina.
- Komið verði upp aðstöðu við Verkmenntaskóla Austurlands þar sem vísinda- og tæknimönnum verði boðin fullkomin aðstaða til að sinna tímabundnum rannsóknum í tengslum við atvinnulífið.
- Gert verði átak til að efla tækniþekkingu allra íbúa í Fjarðabyggð. Sveitarfélagið hafi forgöngu um fræðslu á þessu sviði í samstarfi við skóla og fyrirtæki í Fjarðabyggð, m.a. með stofnun tölvuseturs fyrir ungt fólk.
- Bæjaryfirvöld móti sér verklag um kynningu á þeim starfsmöguleikum sem í boði eru í heimabyggð. Þessu verði sérstaklega beint að ungu fólki sem er að ljúka eða hefur lokið námi.
- Kannaðir verði möguleikar á uppsetningu hraðvirks innra fjarskiptanets í Fjarðabyggð.

2. Upplýsingatæknifyrirtæki í Fjarðabyggð

Markmið

Fyrirtæki á sviði tækni- og upplýsingaiðnaðar leiti eftir því að vera með starfsemi í Fjarðabyggð.

Leiðir

- Bæjaryfirvöld útbúi aðgerðaráætlun sem laði að ný fyrirtæki á þessu sviði.
- Skapaður verði vettvangur fólks með sérfræðiþekkingu á sviði tækni- og upplýsingaþjónustu, sem hefur það hlutverk að skapa umræður og efla þekkingu og samstarf á þessu sviði. "2010 nefndin" yti þessu úr vör.

Verslun og þjónusta

Aðgangur að verslun og þjónustu skiptir miklu máli fyrir fólk. Úrval verslana er töluvert í Fjarðabyggð. Þetta er hins vegar viðkvæm grein og því mikilvægt að hún búi við aðstæður sem eru henni sem hagstæðastar.

Stefna

Stefnt er að öflugri verslun í heimabyggð sem byggir á góðri þjónustu, vöruúrvali og ferskleika á við það besta sem gerist á landsvísi. Svæðið verði þekkt fyrir hátt þjónustustig í verslun og þjónustu sem grundvallist á öflugum samstarfi aðila í greininni.

Markmið

Íbúar Fjarðabyggðar og aðrir hafi kost á að nýta sér góða verslun og þjónustu í sveitarfélaginu.

Leiðir

- Gerð verði úttekt á rekstri verslunar- og þjónustumiðstöðvar í Fjarðabyggð sem hafi fjölþætt hlutverk. Bæjaryfirvöld hvetji aðila á svæðinu til þessa.
- Hvatt verði til að stofnanir sveitarfélagsins sækja sína þjónustu innan sveitarfélagsins, samt sem áður á grundvelli gæða, þjónustu og verðs. Bæjaryfirvöld beini þessu til stofnana sinna þar sem það á við.

- Starfrækt séu námskeið fyrir fólk í verslun og þjónustu sem leiði til bættrar þjónustu fyrirtækjanna. Fræðslunet Austurlands, samtök starfsfólks og samtök verslunar hafi forgöngu um þetta mál.
- Bæjaryfirvöld móti sér sérstakar starfsreglur sem geri frumkvöðlum á þessu sviði auðveldara að hefja rekstur.
- Gert verði átak í að koma á framfæri við bæjarbúa þeirri þjónustu og verslun sem til staðar er í Fjarðabyggð, t.d. með útgáfu kynningarbæklinga og vefsíðu.

Annar iðnaður

Stefna

Stefnt er að öflugum iðnaði á grundvelli aukins samstarfs í verkefnaöflun, markaðs- og kynningarmálum með áherslu á þjónustu og þróun vara á sviði sjávarútvegs, annars matvælaíðnaðar og ferðaþjónustu.

Markmið

Iðnfyrirtæki séu sterk og það markaðssækin að þau selji vörur sínar á lands- eða heimsvísu.

Leiðir

- Haldin séu reglubundið námskeið á sviði markaðs- og þróunarmála. Fræðslunet Austurlands og Verkmenntaskóli Austurlands hafi forgöngu um þetta.
- Mótun verði verkefni sem tengja ferðaþjónustuaðila og smáiðnaðarframleiðendur. Þróunarstofa Austurlands hafi frumkvæði að því að kalla saman hagsmunaaðila.
- Eflid verði enn frekar veiðarfæragerð með hvatningu um aukið samstarf fyrirtækja á sviði sjávarútvegs á svæðinu.
- Hvatt verði til samvinnu aðila í iðnaði og þeirra er starfrækja tækni- og verkfræðiráðgjöf um mótun þjónustu og þróun nýrra afurða. Þróunarstofa Austurlands kalli þessa aðila saman til ráðagerða.
- Bæjaryfirvöld vinni áfram að því að skoða iðnaðarkosti, stóra sem smáa og leiti eftir tækifærum á þeim vettvangi.

Kynningarmál

Tiltölulega stutt er síðan sveitarfélagið Fjarðabyggð var myndað úr þremur öðrum sveitarfélögum. Mjög mikilvægt er að vinna að því að hið nýja sveitarfélag sé sterkt inn á við og að viðhorf íbúanna einkennist af samstöðu og metnaði. Þá er mikilvægt að stefna sveitarfélagsins út á við sé skýr gagnvart almenningi sem atvinnulífi.

Stefna

Stefnt er að því efla með íbúunum jákvæða ímynd af sveitarfélaginu og framtíð þess sem byggir á fjölskylduvænum aðstæðum, sérkennum svæðisins og framsæknu og kröftugu atvinnulífi.

Markmið

Viðhorf íbúanna einkennist af jákvæðni og samræmdum sjónarmiðum til uppbyggingar og framtíðar Fjarðabyggðar.

Leiðir

- Gerð verði viðhorfskönnun um viðhorf íbúa Fjarðabyggðar til þeirra atriða er fram koma í stefnu Fjarðabyggðar. Þær niðurstöður verði notaðar til að styrkja þau atriði sem betur mega fara. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi hafi forgöngu um þetta.
- Upplýsinga- og kynningarfulltrúi Fjarðabyggðar geri kynningaráætlun sem miðast við kynningu á þjónustu bæjarins og stefnu hans í einstökum málum, bæði inná við og útá við. Leitað verði samstarfs við Markaðsstofu Austurlands í þeim málum er lúta að markaðssetningu á Fjarðabyggð.
- Útfærð sé stefna Fjarðabyggðar til kynningar, m.a. með mótun ákveðinna þema sem notuð verði í kynningarverkefnum, bæði af bæjaryfirvöldum, stofnunum bæjarins sem og fyrirtækjum.
- Starfrækt verði öflug heimasíða fyrir Fjarðabyggð þar sem fram koma fréttir og upplýsingar um þá þjónustu sem til staðar er í sveitarfélaginu.
- Settar verði upp tölvur í verslunar- og þjónustustöðum þar sem hægt verði að nálgast heimasíðu Fjarðabyggðar og þar með upplýsingar um verslun, þjónustu, atvinnuframboð og einstaka atburði í Fjarðabyggð.
- Bæjaryfirvöld haldi reglulega fundi um ýmis málefni með íbúum Fjarðabyggðar.
- Fyrirtæki í Fjarðabyggð taki í ríkari mæli saman þátt í sýningum ýmis konar, t.d. atvinnuvegasýningum. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi vekji athygli fyrirtækja á sýningum og hvetji þau til samstarfs um þátttöku.
- Bæjarstjórn Fjarðabyggðar móti verklagsreglur sem miði að því að efla upplýsingagjöf til einstaklinga og fyrirtækja sem hafa áhuga á að setja sig niður í sveitarfélaginu. Meðal gagna sem ætíð þurfa að vera til reiðu í þessu samhengi eru stutt lýsing á sveitarfélaginu, innviðum þess og framtíðarsýn; upplýsingar um lóðir, fráveitu, orku o.þ.h.; upplýsingar um félagsþjónustu, skóla, vinnuafli og íbúðar- sem atvinnuhúsnæði. Fyrirspurnum sé svarað fljótt. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi sveitarfélagsins kalli eftir þessum gögnum, búi yfir þeim og miðli.

Málaflokkur 2 - Menning, afþreying og ferðaþjónusta

Tónlistarlíf í Fjarðabyggð er með nokkuð öflugum hætti í dag. Þá á sér stað athyglisverð uppbygging kirkju- og menningarmiðstöðvar í Eskifirði sem sérstaklega er hönnuð með tónlistarflutning í huga. Leiklistarstarfsemi er einnig nokkur. Í sveitarfélaginu eru starfrækt m.a. nátturugripasafn, sjóminjasafn og stríðsárasafn. Íþróttastarfsemi er mikil. Uppbygging ferðaþjónustu hefur verið nokkur undanfarið en tengja þarf betur og skipuleggja þá starfsemi.

Menning og afþreying

Stefna

Menning og afþreying í Fjarðabyggð verði þekkt fyrir upplifun og fjölbreytileika sem byggir á mörgum öflugum en smærri viðburðum.

1. Söfn

Markmið

Söfn endurspeglir á lifandi hátt menningu og sögu Fjarðabyggðar og þjóðarinnar allrar.

Leiðir

- Komið verði á samstarfi milli safna í Fjarðabyggð um uppbyggingu og kynningu á einkennum og starfsemi þeirra. Ráðgjafahópur um safnamál hafi forgöngu um framkvæmd þessa.
- Sveitarfélagið geri heilsteypta áætlun um uppbyggingu safna. Söfnin verði tengd kennslu á öllum skólastigum.
- Stríðsárasafnið verði vegna sérstöðu sinnar safn á landsvísu, styrkt af innlendum sem erlendum aðilum. Forstöðumaður stríðsárasafnsins hafi forgöngu um framkvæmd þessa.
- Tölvutækni og hermun verði nýtt til að auka upplifun í söfnum.

2. Tónlist

Markmið

Í Fjarðabyggð verði öflugt tónlistarlíf m.a. með áherslu á poppmenningu.

Leiðir

- Byggður verði upp einn öflugur tónlistarskóli í Fjarðabyggð.
- Tónlistar- og alhliða menningarhús verði á Eskifirði.
- Sköpuð verði aðstaða til tónlistarsköpunar og æfinga í öllum byggðarkjörnum. Fræðslu- og menningarfulltrúi Fjarðabyggðar hafi forgöngu um þetta.
- Poppmessur verði haldnar reglulega.
- Mótaðir verði tónlistarviðburðir sem höfði til popptónlistarfólks á landsvísu. Brján hafi forgöngu um þetta.

3. Íþróttir

Markmið

Fjarðabyggð verði þekkt fyrir fjölbreytt íþróttalíf á heilsársgrunni.

Leiðir

- Sveitarfélagið móti sér stefnu í uppbyggingu og stuðningi við íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu.
- Náttúrulegar aðstæður verði hagnýttar til að byggja upp íþróttir s.s. skíða og "adrenalin" íþróttir (s.s. svifdrekar, klifur, kajakar). Æskulýðs- og íþróttafulltrúi hafi forgöngu að þessu.
- Leitað verði eftir aðkomu fleiri sveitarfélaga við uppbyggingu skíðasvæðisins í Oddsskarði.
- Skoðaðir verði möguleikar á uppbyggingu vélfrysts skautasvells sem nýtt verði sem tennisvöllur á sumrin. Íþróttaráð hafi forgöngu að þessu.
- Kynningarstarf á möguleikum til íþróttaiðkunar í Fjarðabyggð verði stóraukið. Íþróttaráð hafi forgöngu að því.

4. Ungt fólk

Markmið

Möguleikar ungs fólks til afþreyingar í sveitarfélaginu verði stórauknir.

Leiðir

- Skipulagðir verði flakkhópar fyrir unglunga í sveitarfélaginu í tengslum við nemendafélag VA og sveitarfélagið. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi hafi forgöngu um þetta mál.
- Kannaður verði grundvöllur fyrir starfrækslu netkaffihúss fyrir ungt fólk og aðra. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi og Verkmenntaskóli Austurlands hafi frumkvæði að þessari könnun.
- Gerð verði könnun á áhuga og þörfum ungs fólks fyrir námskeiðum. Mótuð verði í framhaldi af þessu námsskrá í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands, Fræðslunet Austurlands og Fræðslu- og menningarfulltrúa Fjarðabyggðar.
- Þarfir ungs fólks verði hafðar að leiðarljósi við skipulagningu á almenningsamgöngum.
- Kannaðir verði rekstrarmöguleikar á starfsrækslu kvikmyndahúss í Fjarðabyggð. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi hafi forgöngu um þetta mál í samstarfi við einkaaðila í sveitarfélaginu og landsvísu.
- Hvatt verði til sérstakra "menningardaga" með áherslu á ungt fólk. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi sinni þessu máli.
- Lögð verður áhersla á að hafa börn og unglunga með í ráðum um málefni og uppbyggingu er þau varða. Í þeim tilgangi verður stofnað sérstakt barna- og unglingaráð í sveitarfélaginu. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi hafi forgöngu um þetta.

5. Skipulagning

Skilgreint verði betur starf fræðslu- og menningarfulltrúa og upplýsinga- og kynningarfulltrúa Fjarðabyggðar þannig að störf þeirra nýtist menningarstarfsemi sem best. Meðal atriða sem taka þarf á í þessu samhengi er samstarf með menningarforkólfum í sveitarfélaginu, skipulagning og framkvæmd menningarviðburða og efling menningarstarfsemi. Fræðslu- og menningarfulltrúi hafi forgöngu um þetta mál og skili tillögum til bæjarstjórnar.

Ferðapjónusta

Stefna

Uppbygging ferðapjónustu byggist á háu þjónustustigi og grundvallast aðallega á afþreyingu sem er mótuð og starfrækt fyrir íbúa sveitarfélagsins.

1. Merkingar

Markmið

Gert verði áttak í merkingu gatna, gönguleiða og stofnana í sveitarfélaginu.

Leiðir

- Ferðamálafélag Fjarðabyggðar og umhverfissvið Fjarðabyggðar hafi forgöngu um að gönguleiðir verði merktar og upplýstar.
- Bæjartæknifræðingur hafi forgöngu um að allar götur og stofnanir sveitarfélagsins verði merktar. Hann hvetji einnig fyrirtæki og einstaklinga til að merkja hús sín.
- Vegagerðin setji upp merkingar fyrir hvern byggðakjarna á áberandi stöðum í og við sveitarfélagið.
- Aðstaða fyrir afþreyingu og ferðapjónustu verði merkt af viðkomandi félögum í samstarfi við bæjartæknifræðing.

2. Kynningarmál

Markmið

Gert verði áttak til að kynna framboð Fjarðabyggðar á sviði ferðapjónustu, bæði inná við sem og útá við. Söfn í Fjarðabyggð verði þekkt fyrir góða þjónustu og þekkingu starfsmanna.

Leiðir

- Gefinn verði út bæklingur ásamt kynningu á vefsíðu fyrir Fjarðabyggð. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi sjái um það.
- Merkingar í söfnum verði á mismunandi tungumálum. Gæðahandbækur verði útbúnar fyrir hvert safn. Ráðgjafahópur um safnamál ásamt upplýsinga- og kynningarfulltrúa sjái um þetta.

3. Aðstaða fyrir ráðstefnur og gistingu

Markmið

Í Fjarðabyggð verði til fyrirmyndaraðstaða fyrir fundi, ráðstefnur og gistingu.

Leiðir

- Kannaður verði grundvöllur fyrir rekstri ráðstefnu- og fundaaðstöðu í tengslum við rekstur hótels. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi hafi frumkvæði að þessu.
- Rekstrargrundvöllur heilsuhótels verði kannaður í tengslum við Fjórðungssjúkrahúsið. Heilbrigðisstofnun Austurlands ásamt Ferðamálafélagi Fjarðamanna fylgi þessu eftir.

4. Skemmtiferðaskip

Markmið

Markmiðið er að ferðamenn geti upplifað dæmigerð sjávarpláss í Fjarðabyggð.

Leiðir

- Markvisst verði unnið að því að skemmtiferðaskip hafi reglulega viðkomu í Fjarðabyggð. Samhliða því verði unnið að uppbyggingu nauðsynlegrar aðstöðu og þjónustu við ferðamenn í landi. Ferðamálafélag Fjarðabyggðar, hafnaryfirvöld og Markaðsstofa Austurlands hafi forgöngu um þetta.
- Í sjávarútvegsfyrirtækjum verði útbúin aðstaða svo ferðamenn geti séð vinnslu sjávarafurða. Þetta verði unnið með samstarfi sjávarútvegsfyrirtækja og ferðaþjónustuaðila.

Málaflokkur 3 - Menntun

Starfandi eru leikskólar og grunnskólar í öllum hverfum Fjarðabyggðar. Verkmenntaskóli Austurlands hefur aðsetur á Neskaupstað. Hann er aðili að Fræðsluneti Austurlands sem sinnir sí- og endurmenntunarmálum í fjórðungnum auk þess sem það hefur unnið að uppbyggingu háskólanáms, sérstaklega fjarnámi.

Stefna

Skólar í Fjarðabyggð leggja áherslu á að þroska einstaklinginn með faglegri kennslu, nútíma kennsluháttum og öflugum félagsstarfi á öllum skólastigum. Atvinnulífið verði drifkraftur Verkmenntaskóla Austurlands. Símenntun verði virkur þáttur í starfi fyrirtækja og uppbyggingu tæknisamfélags í Fjarðabyggð.

1. Grunnskólar

Markmið

Grunnskólar í Fjarðabyggð verði í fararbroddi á landinu.

Leiðir

- Sveitarfélagið sjái til þess að starfsaðstaða og laun laði að fagmenntaða kennara
- Aðbúnaður nemenda verði í takt við tímann t.d. hvað varðar tölvur og aðstöðu. Skólanefnd og skólastjórnendur fylgi þessu eftir.
- Áhersla verði lögð á siðferðis-, félags-, og líkamlegan þroska einstaklingsins auk þess sem verk- og sköpunarhæfni verði ríkur þáttur í starfi skólanna. Skólastjórnendur móti skýra stefnu um þetta.
- Umhverfisfræðsla verði ríkur þáttur í starfi skólanna. Skólastjórn og Náttúrustofa Austurlands vinni að þessu máli.
- Tengja þarf heilsdagsskóla, tónlistarskóla og frístundastarf saman. Skólastjórnir og æskulýðs- og íþróttafulltrúi vinni að þessu.
- Skoðaðir verði kostir sameiningar eða aukinnar samvinnu grunnskólanna. Skólastjórn og skólanefndir ásamt fræðslu- og menningarfulltrúa fylgi þessu eftir.
- Starfandi námsráðgjafi komi að öllum skólastigum og vinni að því að brúa bilið á milli þeirra. Skólaskrifstofa Austurlands hafi frumkvæði að þessu.

2. Verkmenntaskóli Austurlands

Markmið

Verkmenntaskóli Austurlands komi í auknum mæli að uppbyggingu atvinnulífs í Fjarðabyggð og verði þekktur sem framsækinn en jafnframt persónulegur skóli.

Leiðir

- Ráðgjafahópur (hollvinasamtök) úr atvinnulífinu í Fjarðabyggð vinni með Verkmenntaskóla Austurlands að mótun áhersluatriða vegna kennslu í skólanum. Skólameistari og skólanefnd hafi frumkvæði að þessu.

- Mótaðar verði nýjar námsbrautir í takt við breytta tíma og þarfir atvinnulífsins. Hér má t.d. nefna tölvu-, upplýsingatækni- og tækninám. Skólameistari, skólanénd og ráðgjafahópur úr atvinnulífinu komi að þessu.
- Rannsóknar- og þróunarstarf skólans verði eftt með auknu samstarfi skólans við rannsóknarstofnanir og atvinnulíf. Skólameistari, ráðgjafahópur og forstöðumenn rannsóknarstofanna taka þetta að sér.
- Til að auka félagslegan þroska og styrk nemenda verði félagsstarfið metið sem eðlilegur þáttur í skólagöngu einstaklingsins. Skólastjórn skólans hafi forgöngu um þetta.

3. Sí- og endurmenntun

Markmið

Fjarðabyggð verði í fararbroddi sí- og endurmenntunar á landsvísu.

Leiðir

- Öllum íbúum Fjarðabyggðar verði gert kleift að hafa aðgang að tölvum og fjarfundabúnaði. Bókasófn / upplýsingamiðstöðvar verði nýtt í þessu skyni í öllum byggðarkjörnum. Bæjarstjórn kanni hvernig best er að koma þessu í framkvæmd.
- Fræðslunet Austurlands og Verkmenntaskólinn bjóði upp á aukið framboð sí- og endurmenntunar í samræmi við þarfir einstaklinga og atvinnulífs.
- Bæjarstjórn hafi frumkvæði að sérstöku átaki til að mennta alla íbúa Fjarðabyggðar í notkun tölva.

4. Háskólanám

Markmið

Íbúum Fjarðabyggðar verði gert kleift að stunda nám á háskólastigi í heimabyggð.

Leiðir

- Fræðslunet Austurlands í samvinnu við Verkmenntaskólann byggi upp og efli fjarnám á háskólastigi í Fjarðabyggð.
- Íbúum verði gert kleift að stunda fjarnám í sérstökum fjarfundaverum / upplýsingamiðstöðvum í öllum byggðakjörnum. Bæjarstjórn kanni hvernig best er að koma þessu í framkvæmd.
- Kannaðir verði möguleikar á sérhæfðri kennslu á háskólastigi tengt Verkmenntaskólanum. Skólameistari VA hefur frumkvæði að þessu.

Málaflokkur 4 - Samfélagsþjónusta

Öflug samfélagsþjónusta er rekin í Fjarðabyggð. Í Neskaupstað er fjórðungssjúkrahús, þar er einnig heilsugæslustöð en sameiginleg heilsugæslustöð er á Eskifirði sameiginlega með Reyðarfirði.

Stefna

Samfélagsþjónusta í Fjarðabyggð verði þekkt fyrir fjölskylduvæna þjónustu sem einkennist af sveigjanleika og virku samstarfi fagaðila. Starfsemi þjónustustofnana byggji á fagfólki og öflugum upplýsinga- og fræðslustarfi.

1. Fjölskyldan

Markmið

Markmiðið er að íbúar Fjarðabyggðar upplifi þjónustu samfélagsins þannig að hún taki tillit til þarfa allra aðila fjölskyldunnar í leik og starfi.

Leiðir

- Árlega verði haldinn dagur fjölskyldunnar þar sem áhersla verði lögð á að draga fram þau gildi sem gera samfélagið fjölskylduvænt. Félagsmálastjóri hafi forgöngu um þetta.
- Sveitarfélagið hafi forustu um að móta fjölskyldustefnu sem sé fyrirmynd fyrirtækja og stofnana. Félagsmálastjóri fylgir þessu verkefni úr hlaði
- Starfrækt verði öflug heimasíða sem upplýsi um þjónustu sveitarfélagsins og fyrirtækja ásamt því að vera vettvangur upplýsingaveitu fyrir börn og unglíng. Bæjarstjórn hrindi þessu af stað.
- Gerð verði reglulega könnun á lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins sem verði grundvöllur umbóta og kynningar á sviði samfélagsþjónustu. Félagsmálastjóri sinnir þessu.
- Félags- og íþróttastarfsemi verði sniðin að tíma og þörfum fjölskyldunnar, s.s. opnunartími sundstaða og íþróttahúsa. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi hefur umsjón með þessu.
- Fjarðabyggð býður alla velkomna til búsetu í sveitarfélaginu, innlenda sem erlenda einstaklinga. Til að skapa sem bestu aðstæður fyrir nýbúa til búsetu í Fjarðabyggð og til að stuðla að góðum samskiptum þeirra og innfæddra Íslendinga geri félagsmálastjóri tillögur til bæjarstjórnar er taki m.a. á íslenskunámi nýbúa, upplýsingagjöf til þeirra, réttindamálum og þátttöku þeirra í félagsstarfi.

2. Menntun

Markmið

Markmiðið er að gott aðgengi sé að menntun íbúanna á öllum skólastigum.

Leiðir

- Gerð verði úttekt á þörfum og óskum íbúa og atvinnulífs í Fjarðabyggð til sí- og endurmenntunar. Verkmenntaskóli Austurlands og Fræðslunet Austurlands hafi forgöngu um að hrinda þessu í framkvæmd.

- Fræðslunet Austurlands, Verkmenntaskóli Austurlands og skólayfirvöld tryggja að framboð sí- og endurmenntunar sé samkvæmt þörfum íbúanna.
- Leitað verði leiða til að koma í veg fyrir faglega einangrun faghópa með auknu samstarfi þeirra. Þróunarstofa Austurlands og forstöðumenn þjónustustofnana hafi forgöngu um þetta.

3. Sjúkrahús

Markmið

Fjórðungsjúkrahúsið búi við öruggan starfsgrundvöll, starfi á landsvísu með áherslu á sértæka þjónustu.

Leiðir

- Sjúkrahúsið móti sér stefnu er litur að uppbyggingu endurhæfingar sem markaðssett verður á landsvísu og tryggi þannig starfsgrundvöll þess. Heilbrigðisstofnun Austurlands og Fjarðabyggð hafi forgöngu um þetta.
- Áhersla verði lögð á gott starfsumhverfi sem laði að hæft starfsfólk, en auk þess verði sérfræðiheimsóknir nýttar þar sem það á við.

4. Heilsugæslan

Markmið

Tryggð sé öflug heilsugæsluþjónusta í öllum byggðarkjörnum Fjarðabyggðar.

Leiðir

- Tryggt verði að heilsugæslustöðvarnar verði fullmannaðar fagmenntuðu starfsfólki. Heilbrigðisstofnun Austurlands hafi forgöngu um þetta.

5. Samgöngur

Markmið

Svo íbúar Fjarðabyggðar geti fullnýtt sér þjónustu í sveitarfélaginu, tryggi bæjaryfirvöld góðar samgöngur.

Leiðir

- Gerð verði úttekt á þörfum einstakra byggðakjarna fyrir almenningsamgöngur, með áherslu á yngstu aldurshópana og eldri borgara.
- Bæjaryfirvöld leggi áherslu á styttingu vegalengda með jarðgangagerð milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar og uppbyggingu vegar á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.
- Bæjaryfirvöld betrumbæti göngustíga og gangbrautir innan sveitarfélagsins.

6. Fatlaðir

Markmið

Markmiðið er að fatlaðir íbúar Fjarðabyggðar eigi kost á búsetu í sveitarfélaginu þar sem tekið sé tillit að fullu til þarfa þeirra.

Leiðir

- Tryggt verði aðgengi fatlaðra að stofnunum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu eins og lögbundið er. Bæjaryfirvöld og félagsmálastjóri hafi forgöngu um þetta.
- Sveitarfélagið vinni í samstarfi við fyrirtæki að því að skapa atvinnumöguleika fyrir fatlaða í sveitarfélaginu.

7. Aldraðir

Markmið

Þjónusta og aðstaða fyrir aldraða verði framúrskarandi í sveitarfélaginu.

Leiðir

- Sveitarfélagið tryggi nægt framboð þjónustuíbúða fyrir aldraða í Fjarðabyggð þar sem jafnframt er lögð áhersla á félagsstarfsemi þessa aldurshóps. Félagsmálanefnd og samtök aldraðra hafi forgöngu um þetta.
- Tryggð verði öflug hjúkrunar- og heimþjónusta fyrir aldraða í Fjarðabyggð. Félagsmálanefnd og Heilbrigðisstofnun Austurlands sinni þessu.

Málaflokkur 5 - Samgöngu-, skipulags- og umhverfismál

Inngangur

Í Fjarðabyggð hafa verið reknar áætlunarferðir innan sveitarfélagsins í tæpt ár. Þrjár ferðir eru farnar á milli hverfa. Þá eru daglegar áætlunarferðir til Egilsstaða í tengslum við flug þar. Allir vegir eru lagðir bundnu slitlagi í sveitarfélaginu. Skipafélögin Eimskip og Samskip eru með reglulegar ferðir til Fjarðabyggðar og á Eskifirði er umskipunarhöfn á vegum Eimskipa. Helstu framkvæmdir sem horft er til í samgöngumálum eru gerð jarðganga á milli Fáskruðsfjarðar og Reyðarfjarðar og Eskifjarðar og Neskaupstaðar og enduruppbygging vegar á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.

Unnið er að gerð aðalskipulags fyrir Fjarðabyggð og er vonast til að vinnan klárast árið 2001. Hættumat vegna ofanflóða hefur tafið gerð skipulagsins.

Fjarðabyggð er þátttakandi í verkefninu Staðardagskrá 21. En það er heildaráætlun um þróun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina. Þessi áætlun á að vera nokkurs konar forskrift að sjálfbærri þróun samfélagsins. Lögð er aukin áhersla á útlit og umhverfi sveitarfélagsins og m.a. í því skyni hefur verið ráðinn garðyrkjustjóri. Frárennslismál koma til með að verða fyrirferðamikil í sveitarfélaginu ef vinna þarf eftir opinberum áætlunum um þessi mál.

Stefna

Fjarðabyggð verði þekkt fyrir framúrskarandi skipulag og góðar samgöngur. Hátt þjónustustig og upplýsingatækni er einkennandi fyrir stofnanir sveitarfélagsins. Fjarðabyggð verði hreinasta sveitarfélag landsins.

1. Skipulagsmál

Markmið

Markmiðið er að skipulag sveitarfélagsins sé skýrt og fastmótað og tryggð verði skilvirk og skjót svörun skipulagsyfirvalda.

Leiðir

- Ljúka þarf aðal- og deiliskipulögum fyrir sveitarfélagið í heild sinni.
- Upplýsingatækni verði nýtt til að koma á gagnvirku sambandi milli skipulagsyfirvalda og íbúa um skipulagsmál. Skipulagsyfirvöld hafi forgöngu um þennan þátt á vefsíðu sveitarfélagsins.
- Mótað verði gæðakerfi til að tryggja skilvirka svörun bæjaryfirvalda á sviði skipulagsmála. Skipulagsyfirvöld hafi forgöngu um þetta.
- Hraðað verði gerð hættumats sem unnið er að í samstarfi við Veðurstofu Íslands, svo hægt verði að ljúka gerð aðalskipulags.
- Stækkun sveitarfélagsins verði tekin til athugunar.
- Fjarðabyggð hafi forgöngu um svæðisskipulag Mið-Austurlands.
- Efnt verði til samkeppni meðal grunnskólanemenda um hugmyndir um hvernig bæta megi aðstöðu ungs fólks í hverfum Fjarðabyggðar. Skipulagsyfirvöld hafi forgöngu um

að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst, m.a. í samstarfi við forstöðumenn grunnskólanna.

2. Merkingar

Markmið

Markmiðið er að Fjarðabyggð skari fram úr hvað varðar merkingar í sveitarfélaginu.

Leiðir

- Bæjaryfirvöld hafi forgöngu um merkingu gatna og stofnana á vegum sveitarfélagsins.
- Gert verði átak í merkingu gönguleiða og sögustaða innan sveitarfélagsins með tilstuðlan Ferðamálafélags Fjarðabyggðar og upplýsinga- og kynningarfulltrúa.
- Gönguleiðir og sagnaslóðir verði kortlagðar og kort gerð aðgengileg íbúum jafnt sem ferðamönnum.

3. Hafnir

Markmið

Markmiðið er að uppbygging hafnarmannvirkja verði með tilliti til ferðapjónustu auk annarrar kröftugrar atvinnustarfsemi.

Leiðir

- Hafnaryfirvöld móti stefnu um framtíðaruppbyggingu hafnanna í Fjarðabyggð, þjónustu þeirra og útrásarmöguleika.
- Skoðaðir verði sérstaklega möguleikar hafnanna í ferðapjónustu, t.d. móttaka skemmtiferðaskipa. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi og hafnarnefnd hafi forgöngu um þetta.
- Unnið verði að því að í Fjarðabyggð verði starfrækt innflutningshöfn. Hafnarnefnd hafi forgöngu um að vinna í þessum málum.

4. Samgöngumál

Markmið

Markvisst verði unnið að styttingu vegalengda innan sveitarfélagsins ásamt því að bæta samgöngur innan sveitarfélagsins og eins við nærliggjandi svæði.

Leiðir

- Bæjaryfirvöldi fylgi eftir óskum um jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar.
- Áhersla verði á að þjóðvegur nr. 1 liggji um Fjarðabyggð og að umferðarmiðstöð almenningsamgangna á vegum verði komið upp á Reyðarfirði.
- Allar leiðir verði skoðaðar til að efla almenningsamgöngur þannig að þær þjóni íbúunum sem best. Bæjaryfirvöld fylgi þessu eftir.
- Lögð er áhersla á að vegur við Grænafellsskriður verði endurbættur þannig að ekki skapist af honum hætta vegna ofanflóða. Bæjaryfirvöld beini þessu til Vegagerðar.

5. Umhverfismál

Markmið

Markmiðið er að umhverfi sveitarfélagsins einkennist af metnaðarfullri umhverfisvitund íbúa Fjarðabyggðar og hreinleika umhverfis með Staðardagskrá 21 að leiðarljósi.

Leiðir


- Staðardagskrá 21 verði fylgt eftir og endurskoðuð reglulega.
- Bæjaryfirvöld efli umhverfisvitund íbúanna með fræðslu á sviði umhverfisstjórnunar og góðu fordæmi. Garðyrkjustjóri hafi forgöngu um þetta.
- Gert verði átak meðal fyrirtækja á svæðinu í umhverfismálum bæði með tilliti til sjónrænna þátta og annarrar mengunar. Þróunarstofa Austurlands hafi forgöngu um þetta.
- Gerð verði úttekt á tækifærum til jarðgerðar í tengslum við flokkun sorps og meðhöndlun þess. Garðyrkjustjóri og starfsmaður Staðardagskrár hafi forgöngu um þetta.
- Sorpsamslag Austurlands verði tekið til endurskoðunar með aukna flokkun sorps og endurvinnslu í huga. Starfsmaður Staðardagskrár og Sorpsamslag Austurlands hafi forgöngu um þetta.
- Bæjaryfirvöld geri áætlun um uppgræðslu lands innan sveitarfélagsins í samvinnu við landeigendur og í tengslum við skógræktarfélag og Landgræðslu ríkisins.
- Kannaðir verði allir valkostir við að koma frárennismálum sveitarfélagsins í gott horf. Bæjaryfirvöld og starfsmaður Staðardagskrár hafi forgöngu um þetta.

Viðaukar

Staða byggða- og atvinnuþróunar í sveitarfélaginu


Á mynd 1 má sjá að aldurskipting íbúa Fjarðabyggðar er nokkuð svipuð landsmeðaltali. Konur á aldrinum 20 – 30 ára og 40 – 50 ára eru hins vegar heldur færri í Fjarðabyggð en landsmeðaltalið. Yngsta fólkið fylgir landsmeðaltalinu sem er ánægjulegt þegar til framtíðar er litið.

Mynd 1




Á tímabilinu 1989 til 1999 hefur íbúum Fjarðabyggðar fækkað um samtals 457, eða um 12, 5%.

Mynd 2




Á mynd 3 má sjá hvernig hlutfallsleg íbúápróun hefur verið í fjórum sveitarfélögum frá 1989 til 1999. Árið 1988 er stillt á núll.

Mynd 3




Á mynd 4 má sjá hvernig búferlaflutningar til og frá Fjarðabyggð hafa þróast frá 1980 til 1998. Öll árin nema 1981 og 1989 flytja fleiri frá sveitarfélaginu en til þess.

Mynd 4




Á mynd 5 hefur ársverkum í Fjarðabyggð verið skipt upp í 27 flokka. Flest tengjast ársverkin fiskvinnslu, síðan fiskveiðum og loks opinberri þjónustu. Þá kemur smásöluverslun og loks opinber stjórnsýsla.

Mynd 5




Á mynd 6 er þróun íbúafjölda og ársverka stillt saman. Athyglisvert er hvernig ársverkum fjölgar frá 1995 á meðan íbúum fækkar. Hugsanlega er hér um að ræða áhrif erlends vinnuafls.

Mynd 6




Á mynd 7 er borin saman þróun ársverka í Fjarðabyggð, á Akranesi og Ísafirði.

Mynd 7




Á mynd 8 eru sýnd frávik launa í þremur sveitarfélögum frá landsmeðaltali. Athygli vekja há laun í fiskvinnslu í Fjarðabyggð. Sennilega eru það þessi laun sem gera meðalfrávik launa tæplega 20% hærri en landsmeðaltalið.

Mynd 8



Á mynd 9 er sýndur fjöldi atvinnulausra árið 1999 eftir byggðarlögum.
Mynd 9



Pátttakendur í vinnuhópum

Atvinnumál



- Bogi Bogason Eskifirði 476-1168
- Jón Einar Marteinsson Neskaupstað 477-1931
- Kristbjörg Kristinsdóttir Reyðarfirði 474-1246
- Magnús Jóhannsson Neskaupstað 477-1509
- Andrés Elisson Eskifirði 476-1538
- Þorvaldur Jónsson Reyðarfirði 474-1159
- Jóhannes Pálsson Reyðarfirði 893-1636
- Björgólfur Jóhannsson Neskaupstað 896-1455
- Hallfríður Bjarnadóttir Reyðarfirði 474-1118
- Katrín Guðmundsdóttir Eskifirði 476-1306

Menntamál



- Árni Björgvinsson Reyðarfirði 474-1565
- Kristín Ágústsdóttir Neskaupstað 477-2039
- Svava Sveinbjarnardóttir Eskifirði 476-1617
- Þóroddur Helgason Reyðarfirði 474-1344
- Elísabet Benediktsdóttir Reyðarfirði 474-1137
- Þorbergur Hauksson Eskifirði 474-1401
- Helga Steinsson Neskaupstað 477-1799
- Inger L. Jónsdóttir Eskifirði 476-1324
- Lilja Guðný Jóhannesdóttir Neskaupstað 477-1055
- Margrét Þorvaldsdóttir Reyðarfirði

Menning, afþreying, ferðapjónusta



- Jón Björn Hákonarson Neskaupstað 477-1668
- Dagbjört L. Ottósdóttir Reyðarfirði 474-1561
- Georg Halldórsson Eskifirði 476-1269
- Gunnlaugur Sverrisson Reyðarfirði 474-1353
- Guðmundur Gíslason Neskaupstað 477-1817
- Petrún Bj. Jónsdóttir Neskaupstað 477-1709
- Hreinn Sigmarsson Reyðarfirði 474-1501
- Laufey Sigurðardóttir Neskaupstað 868-1738
- Andrea Ásbjörnsdóttir Eskifirði 476-1337

Samgöngur, skipulagsmál, umhverfismál



- Sveinn Sveinsson Eskifirði 474-1171
- Ari Benediktsson Neskaupstað 477-1664
- Haukur Björnsson Eskifirði 476-1389
- Óttar Guðmundsson Reyðarfirði 474-1441
- Ásbjörn Guðjónsson Eskifirði 476-1337
- Benedikt Sigurjónsson Neskaupstað 477-1664
- Kristján Einarsson Eskifirði 476-1303
- Guðmundur H. Sigfússon Neskaupstað 477-1798
- Sólveig Eiríksdóttir Eskifirði 476-1432

Samfélagsþjónusta, opinber þjónusta



- Ásta Matthíasdóttir Eskifirði 476-1303
- Júlía Sigrún Ástvaldsdóttir Neskaupstað 474-1525
- Agnar Bóasson Reyðarfirði 474-1559
- Kristinn Stefán Einarsson Neskaupstað 477-1085
- Smári Geirsson Neskaupstað 477-1630
- Guðrún Óladóttir Eskifirði 476-1478
- Davíð Baldursson Eskifirði 476-1324
- Gunnar Jónsson Eskifirði 470-9000
- Björk Unnarsdóttir Eskifirði 476-1168
- Gréta Friðriksdóttir Reyðarfirði 474-1177

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn "Fjarðabyggð – Framtíðarsýn 2010" var skipuð eftirfarandi:

- Davíð Baldursson Eskifirði 476-1324
- Kristján Einarsson Eskifirði 476-1303
- Hreinn Sigmarsson Reyðarfirði 474-1501
- Helga Steinsson Neskaupstað 477-1799
- Jóhannes Pálsson Reyðarfirði 893-1636
- Björgólfur Jóhannsson Neskaupstað 896-1455
- Guðmundur Bjarnason Neskaupstað 470-9000

Stoðstofnanir og fjármögnunaraðilar

Helstu stoðstofnanir atvinnulífsins

Próunarstofa Austurlands

Próunarstofa Austurlands starfar á breiðum grunni að framþróun í atvinnulífi og jákvæðri samfélagsþróun. Megin viðfangsefni félagsins er að vinna að eflingu atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga á Austurlandi og stendur félagið í þeim tilgangi fyrir viðtæku þróunarstarfi í landshlutanum. Svið Próunarstofunnar eru þrjú: Byggðasvið, viðskiptasvið og þróunarsvið. Helstu samstarfsaðilar eru einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög á Austurlandi. En auk þess á Próunarstofan mikið samstarf við helstu stoðstofnanir atvinnulífsins í landinu.

Iðntæknistofnun

Iðntæknistofnun er þróunar- og ráðgjafarstofnun með alþjóðlegt samstarfsnet. Stofnunin vinnur að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslensku atvinnulífi og stuðlar að tækniyfirfærslu með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Iðntæknistofnun leggur metnað í að vera með bestu þekkingu og færni á þeim sviðum sem starfað er á. Áhersla er lögð á að verkefnaval falli að þörfum íslensks atvinnulífs

Impra - þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja

Hlutverk Impru er að leiðbeina frumkvöðlum og fyrirtækjum um mat á viðskiptahugmyndum, leiðbeina um stofnun, uppbyggingu og rekstur fyrirtækja og vera hlekkur í samskiptakeðju einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Impra veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum upplýsingar um leiðir til að bæta rekstur sinn, hvetur þau til nýsköpunar og aðstoðar við "útrás", meðal annars með því að koma á tækni- og þróunarsamstarfi við erlenda viðskiptaaðila.

Útflutningsráð Íslands

Hlutverk ráðsins er að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að markaðssetja vörur sínar og þjónustu erlendis. Til að sinna þessu hlutverki veitir útflutningsráð íslenskum útflytjendum margháttaða þjónustu, þar sem meginverkefni eru ráðgjöf, fræðsla, upplýsingamiðlun og skipulagning vörusýninga og sameiginlegra kynningarverkefna af ýmsum toga.

Byggðastofnun

Byggðastofnun tók til starfa hinn 1. október 1985. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 64 frá 1. júlí 1985. Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Aðgerðir hennar miða að því að styrkja og efla byggð í landinu, sem fái staðist til lengdar og þar sem rekin er fjölbætt atvinnustarfsemi og þjónusta. Stofnunin gerir stefnumótandi byggðaaætlun fyrir landið allt en þar eru mótaðar megináherslur í byggðamálum. Stofnunin vinnur einnig svæðisbundnar byggðaaætlanir í samráði við heimaaðila.

Fjármagn til atvinnuþróunar

Íslenskir sjóðir

Eignarhaldsfélag Austurlands hf (EHA) er félag sem sérhæfir sig í áhættufjárfestingum með hlutafjárkaupum í nýjum fyrirtækjum eða í starfandi fyrirtækjum sem þurfa aukið fjármagn vegna fjárfestinga. EHA er stofnað á grunni þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum þar sem ríkisvaldið ákvað að leggja kr. 300 milljónir á ári í þrjú ár til að koma slíkum eignarhaldsfélögum á fót á landsbyggðinni. Austurvegur 20, 730 Fjarðabyggð. Síminn er 474-1501, 863-0901. Netfang hreinn@kaupthing.is

Framtakssjóður Austurlands ehf (FTA) sérhæfir sig í áhættufjárfestingum í upplýsinga- og hátækni með áherslu á landsbyggðina. Starfssvæði félagsins er landið allt. FTA er vörsluaðili eins af framtakssjóðum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og móttframlags Fjárfestingafélags Austurlands hf. Samtals ræður félagið yfir kr. 375 milljónum til nýsköpunarfjárfestinga. Austurvegur 20, 730 Fjarðabyggð. Síminn er 474-1501, 863-0901. Netfang hreinn@kaupthing.is

Atvinnuleysistryggingasjóður styrkir sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana.

Atvinnumál kvenna veitir styrki til verkefna sem auka fjölbreytni í atvinnulífi og einkum til verkefna sem eru á vegum hópa eða félagasamtaka

Byggðastofnun veitir styrki til margs konar nýjunga í atvinnulífi landsbyggðarinnar og lán vegna fjárfestinga þar. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu.

Ferðamálaráð Íslands veitir styrki til nýsköpunar og nýjunga sem tengjast umhverfismálum á ferðamannastöðum. -Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík, Sími 552 7488, Fax 562 4749 -Strandgötu 29, 600 Akureyri, Sími 461 2915, Fax 461 2729

Ferðamálasjóður veitir lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði sem og til annarra þátta ferðamála. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála. Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, Sími 562 4070, Fax 562 6068

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. veitir íslensku atvinnulífi viðtæka þjónustu við öflun, stýringu og hreyfingu á fjármagni. Bankinn sérhæfir sig í fjármálþjónusta við fyrirtæki, stofnanir og fagfjárfesta en annast ekki viðskipti við einstaklinga sem ekki eru í atvinnustarfsemi

Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir styrki til nýsköpunar og atvinnueflingar í dreifbýli.

Landsbankinn - Framtak hf. var stofnaður þann 21. janúar 1999 í þeim tilgangi að hasla sér völl á sviði fjármögnunar nýsköpunar og vaxtargreina í íslensku atvinnulífi.

Lánatryggingasjóður kvenna - Meginmarkmið sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helming lána sem þær taka hjá lánastofnun til að fjármagna tiltekið verkefni.

-Félagsmálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, Sími 560-9100, Fax 552-4804

-Byggðastofnun, Engjateig 3, 125 Reykjavík, Sími 560-5400, Fax 560-5499

Nýsköpunarsjóður - Hlutverk sjóðsins er að vinna að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingaverkefnum á sviði nýsköpunar, og að styrkja forathuganir, þróunarverkefni og kynningarverkefni.

Nýsköpunarsjóður námsmanna úthlutar styrkjum til kennara á háskólastigi, fyrirtækja, rannsóknastofnana eða einstaklinga, sem teljast hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði, til þess að ráða stúdenta til sumarstarfa.

Rannsóknarráð Íslands - Hlutverk þess er að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun.

Þróunarfélag Íslands hf. Tilgangur félagsins er að efla arðsama atvinnustarfsemi og örva íslenskt atvinnulíf. Markmið félagsins er að hámarka arð eigenda og gera hlutabréfin í félaginu áhugaverð fyrir fjárfesta.

Norrænir sjóðir

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda veitir lán og styrki til framfaraverkefna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og er sérstök áhersla lögð á þróun framleiðslu til útflutnings eða bættu þjónustu og nýsköpun. Hlutverk sjóðsins er að efla fjölbreytt og samkeppnifært atvinnulíf í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi.

Norræna Atlantsnefndin (NORA) veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og strand-Noregi.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Megintilgangur félagsins er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) veitir lán til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila á Norðurlöndum sem og utan þeirra

Norræni iðnaðarsjóðurinn - Hlutverk sjóðsins er að hvetja til norrænar samvinnu um tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífi Norðurlanda og aðstoðar við myndun evrópskra samstarfsverkefna á grundvelli norrænnar samvinnu. Hægt er að fá nánari upplýsingar um Norræna iðnaðarsjóðinn á Íslandi:

Norræni menningarsjóðurinn

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF). Hlutverk sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjum.